



Skólanefnd Garðabæjar
b/t Katrín Friðriksdóttir
Garðatorg 7, 210 Garðabær

Garðabær 22. júní 2016

Lokaskýrsla

Heiti verkefnis: Gaman saman
Úthlutun styrks: Október 2015

Sótt var um þróunarstyrk vegna verkefnisins „Gaman saman“ haustið 2015 og verkefnið fór af stað nóvember 2015.

Lokastaða verkefnis.

Þar sem styrkurinn hljómaði upp á helming þess sem sótt var um varð að breyta áherslum verkefnisins og fækka hópum.

Hér verður farið í stuttu máli yfir það helsta sem gert var í hópunum og hvernig hópastaðið gekk í heild sinni.

Þar sem hópastarfshugtakið þekktist ekki mikið í Garðabæ þurfti að fara vel yfir með öllum hvað það þýðir að vera í hópastarfi.

Samstarf var við kennara og námsráðgjafa um hópamyndunina og samþykki þurfti frá foreldrum/forráðamönnum sem og nemendum sjálfum. Kennarar og foreldrar tóku gríðarlega vel í þetta starf og nemendum sem boðið var að taka þátt þáðu það allir. Allir hóparnir hittust í átta skipti.

Tveir hópar úr 9. bekk byrjuðu í hópastarfi í janúar. Stelpuhópur sem skipaði 5 einstaklinga og strákahópur sem skipaði 8 einstaklinga.

Í stelpuhópnum voru stelpur sem þurftu á mikilli sjálfstyrkingu að halda. Starfið byggðist á hvatningu, hrósi og jákvæðum samskiptum. Unnið var mikið með sjálfsmynd og styrkingu. Stelpurnar opnuðu sig talsvert og mikið var farið út úr húsi. Mætingin var mjög góð hjá þessum hópi og mikil ánægja með hópinn sem lýsir sér best í því að þær vildu allar halda áfram að mæta í starfið eftir þessi átta skipti. Vináttan milli stelpnanna styrktist og þær fóru að hittast utan skóla og vera í töluverðum samskiptum.

Strákahópurinn skipaði stráka sem lítið sem ekkert sóttu félagslíf utan skóla. Þeir voru margir tregir til að byrja með að mæta. En þegar þeir byrjuð að koma slepptu þér varla úr tíma. Starfið byggðist á því að bæta sjálfsmynd þeirra og reyna að virkja þá meira félagslega. Mikið var fjallað um styrkleika strákanna og hvernig þeir gætu látið þá njóta sín. Þeir eflust sem vinir og byrjuðu að mæta í félagsmiðstöðina, tóku þátt í viðburðum og mættu í vorferðina.

Tveir hópar úr 8. bekk byrjuðu í hópastarfi strax eftir páska og voru starfandi út skólaárið. Í þetta skiptið skiptum við 8. bekk niður í 4 hópa þar sem mikil þörf var á því að styrkja þennan



árgang samskiptalega séð og ákváðum við að taka helming fyrir sumarfrí og hinn helminginn eftir sumarfríð.

Markmið hópanna var sameiginlegt eða að efla einstaklingana samskiptalega séð, bæta virðingu gagnvart náunganum, sjálfskoðun og að fá ákveðna einstaklinga til að opna sig og tengjast hinum betur.

Stelpuhópurinn skipaði 6 einstaklinga og í strákahópnum voru 8 einstaklingar.

Ágætis mæting var hjá unglingunum en þessi tími árs er alltaf erfiður og var aðeins um forföll. Eftir starfið var sameiginleg niðurstaða að samskipti innan bekkjarins hafði batnað og einstaklingar ákváðu að taka sig á.

Niðurstaða þessa verkefnis er sú að mikil þörf er á hópastarfi innan Sjálandsskóla og er allur vilji Klakans og skólans til að gera allt til að halda þessu starfi áfram.

Nóv. – des. 2015

Vinna við að stofna hópana og þjálfar starfsfólk.

jan. – apr. 2016

Hópastarf og hópefli.

KOSTNAÐUR

	Debet	Kredit
Styrkur	600.000	
Hópefli		100.000
Tímar verkefnisstjóra (90x 5500)		500.000
Samtals kostnaður		600.000

Virðingarfyllst
Helga Vala Gunnarsdóttir, forstöðumaður Klakans